

Uppmæling minja á hverfisverndarsvæði í Þorlákshöfn



Birna Lárusdóttir, Garðar Guðmundsson og Oscar Aldred

Fornleifastofnun Íslands
FS382-07151
Reykjavík



2008



© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR.....	4
II. FYRRI RANNSÓKNIR.....	5
III. LÝSING Á SVÆÐINU	6
IV. AÐFERÐIR VIÐ UPPMÆLINGU	6
V. NIÐURSTÖÐUR	7
VIÐAUKI: LOFTMYNDIR	12

Forsíða: Loftmynd af hverfisverndarsvæðinu. Útlínur rústa og garðlaga dregnar upp með hliðsjón af uppmælingu. Ljósmyndari: Birna Lárusdóttir

I. Inngangur

Sumarið 2007 hafði Barbara Guðnadóttir, menningarfulltrúi Ölfushrepps, samband við Fornleifastofnun Íslands og óskaði eftir tillögum að kynningu á menningarminjum á hverfisverndarsvæði vestan við höfnina í Þorlákshöfn.

Fornleifafræðingur fór á svæðið og skoðaði minjarnar. Í kjölfarið var lagt til að nákvæm uppmæling yrði gerð með DGPS-stöð og niðurstöðurnar notaðar til að útbúa kort eða þrívíddarlíkan af svæðinu. Þetta var samþykkt, enda þótti ljóst að niðurstöðurnar gætu komið sér vel við vinnu landslagsarkitekta og myndu einnig nýtast sem nákvæm úttekt (deiliskráning) á svæðinu fyrir Fornleifavernd ríkisins, en fyrirsjáanlegt er að hún þurfi að gefa leyfi fyrir framkvæmdum á svæðinu. Til stendur að gera svæðið aðgengilegra fyrir almenning með lagningu göngustíga og jafnvel sýningu yfir sumarið þar sem hægt væri að



Yfirlitsmynd frá Loftmyndum ehf., fengin af vefsíðu Ölfushrepps. Svæðið sem mælt var upp er afmarkað með rauðri línu.

Norður er upp.

fræðast um sjómennsku og verbúðalíf á 19. öld. Ein hugmyndanna sem fyrir liggja er að endurbyggja sjóbúð á svæðinu. Engin vinna var hafin við skipulagið þegar mælingin fór fram og er það til fyrirmyndar, enda mögulegt skipuleggja svæðið með hliðsjón af fornleifum.

Uppælingin hófst haustið 2007 en vegna tæknilegra örðugleika tókst ekki að ljúka henni fyrr en vorið 2008. Umsjón með verkinu hafði Birna Lárusdóttir og sá hún um skýrslugerð. Að mælingunni komu auk hennar Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Jane Matthews og Oscar Aldred, en hann hafði yfirumsjón með tækjabúnaði. Garðar Guðmundsson sá um úrvinnslu gagna. Hádegismatur var snæddur í Ráðhúsi Þorlákshafnar og fær starfsfólk þar bestu þakkir fyrir.

II. Fyrri rannsóknir

Árið 1999 skráði Hildur Gestsdóttir, fornleifafræðingur, fornleifar í Þorlákshöfn vegna vinnu við aðalskipulag.¹ Alls voru skráðar 41 fornleif, þar af 11 inni á hverfisverndarsvæðinu. Þéttleiki fornleifa er mikill á þessu svæði og helgast það einna helst af því að allt svæðið lá forðum innan túnmarka gamla Þorlákshafnarbæjarins. Það er nánast regla í fornleifaskráningu að þéttleiki minja sé mestur í gömlum túnum, enda hafa umsvif þar verið mest, bæði í sambandi við skepnuhald en í Þorlákshöfn ekki síður vegna umsvifa við sjósókn. Gamla bæjarstæðið var um 100 m NA við hverfisverndarsvæðið en þar eru allar minjar löngu horfnar vegna rasks við byggingaframkvæmdir. Minjar sem Hildur skráði eru eftirfarandi:

Ár-548:005 og 006: Útihús frá Þorlákshöfn. Þau hafa bæði verið sunnarlega á svæðinu, 006 sennilega utan þess, en nú sjást engin merki um þau.

Ár-548:009: Tvö garðlög sem liggja nánast samhliða um svæðið frá norðvestri til suðausturs. Hugsanlega eru þetta gamlir túngarðar.

Ár-548:028: Helgubær/Magnúsarkot/Kotið, í norðurjaðri miðs svæðis. Þar sést kálgarður en bæjarstæðið hefur horfið við vegagerð.

Ár-548:029: Erlendarkot, í norðvesturhorni svæðisins. Þar sést kálgarður en bæjarstæðið sjálft hefur farið undir veg.

Ár-548:030 og 031: Ingileifarbær og Sigríðar-/Siggu-/Guðmundarbær sem stóðu á sama hólnum sunnarlega á svæðinu. Þar sjást allnokkrar rústir.

Ár-548:046: brunnur suðaustarlega á svæðinu. Ágætlega mótar fyrir honum.

¹ Hildur Gestsdóttir. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi I. Fornleifar í Þorlákshöfn.*

Ár-548:048: Hraunbúðir, sjóbúðir austan við Nesbraut. Tóftir sjást enn vel.

III. Lýsing á svæðinu

Svæðið sem um ræðir er alls um 215 m langt frá norðri til suðurs, um 195 m breitt þar sem mest er, þ.e. nyrst en fer heldur mjókkandi eftir því sem sunnar dregur. Svæðið er grasi gróið og austurhluti þess er nýttur fyrir hrossabeit. Vestan megin girðingar ber mest á stórum kletti sem hefur verið komið fyrir á hringlaga uppfyllingu. Hann heitir Latur og var gamalt mið sjómanna sem sigldu heim að Þorlákshöfn en fluttur af sínum upprunlega stað því hann var í hættu vegna sjávarágangs. Mannvistarleifar eru greinilegar víða á yfirborði en sandfok hefur sett svip sinn á svæðið. Þetta sést best á tveimur garðlögum á austanverðu svæðinu en greinilegt er af lögum þeirra að sandur hefur fokið upp að þeim og virðast þau því allt að 4-5 m breið á yfirborði en eru sennilega mun minni um sig að stofni til.

IV. Aðferðir við uppmælingu

Svæðið var mælt upp með DGPS- mælingastöð af gerðinni Trimble R8. Notast var við fastan punkt í landshnitakerfi sem er í útjaðri Þorlákshafnar, ofan á tengihúsi Orkuveitunnar við Óseyrarbraut (N=375439.446
A=382897.506
Hæð=9.448



Þorlákshafnarkerfi.) Þar

Tækin undirbúin. Jane Matthews og Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

var móðurstöðin sett upp en hún sendir boð í móttakara sem skráningamaður gengur um með, ýmist á bakinu eða á sérstakri stöng.

Rústirnar voru mældar á tvo vegu. Annars vegar var gerð yfirborðsmæling á öllu svæðinu í þrívídd, þ.e. gengið skipulega yfir það með um 1 m millibili. Tækið mælir stöðugt inn punkta og því fæst ágæt mynd af legu landsins með þessu móti. Hins vegar voru útlínur



rústa og garðlaga mældar upp sérstaklega í tvívídd. Nákvæmni mælinganna er mikil, á x og y ás innan við 1 cm en heldur meiri frávik geta verið í hæðarmælingum, þ.e. z-ás. Unnið er úr upplýsingunum í forriti sem heitir


Surfer.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir við uppmælingu.


V. Niðurstöður

Mælingarnar má setja fram á ýmsa vegu en fyrstu niðurstöður má sjá á kortum hér að neðan. Nokkrar minjar sem ekki hafa áður verið skráðar koma berlega í ljós og sjást raunar ágætlega án mælinganna. Þar má helst nefna garðlag vestast á svæðinu, sem tengir nokkurn veginn Erlendarbæ og rústahólinn sem Siggubær stóð á. Þá eru óljósar rústir á tveimur stöðum til viðbótar. Að auki má nefna að hóllinn nyrst og austast á svæðinu (nú oft nefndur Hestabrekka) er grunsamlega reglulegur, bæði syðri brún hans og reglulegur kantur uppi á háhólnum sem snýr eins og frambrúnnin, NV-SA. Þetta sést jafnvel betur á loftmyndum sem sýndar eru í kaflanum hér á eftir. Ekki er auðvelt að útskýra þetta, enda má ætla að sandur hafi fokið upp að hólnum. Hugsanlega er hóllinn að stofni til gamall sjávarkampur en gæti


hafa verið upphlaðinn að einhverju leyti og þyrfti tvímælalaust að kanna hann með prufuskurðum ef til stæði að raska einhverju. Flestir hólar á svæðinu eru raunar þannig að erfitt er að skera úr um hvort þar gætu leynst mannvistarleifar undir yfirborði, neðan sandþekjunnar sem þar hefur safnast upp í tímans rás. Líklegt má telja að mannvistarleifar frá eldri byggð í Þorlákshöfn leynist undir þeim minjum sem eru greinilegar á yfirborði, en þær eru líklega flestar frá 19. öld þótt garðlögin miklu gætu verið eldri. Því skal ítreka að fara skuli með gát við framkvæmdir á svæðinu, jafnvel á þeim hlutum þess þar sem engar rústir sjást á yfirborði. Það er Fornleifaverndar ríkisins að meta áhrif fyrirhugaðs skipulags á fornleifar á svæðinu og skera úr um mótvægisáðgerðir.




Niðurstöður yfirborðsmælingar. Norður er upp.



Niðurstöður mælinga á útlínunum rústa og garðlaga.



Yfirborðsmódel og útlínur rústa samsett.



Fornleifar merktar inn á kort skv. skráningu Hildar Gestsdóttur.

Viðauki: Loftmyndir

Að kvöldi hins 3. júní sl. var flogið yfir hverfisverndarsvæðið í þeim tilgangi að taka loftmyndir af fornleifunum. Flugmaður var Þórir Tryggvason á Selfossi. Aðstæður voru ekki sem bestar, fremur lágskýjað og mistur í lofti. Þrátt fyrir það náðust þökkalegar myndir og fylgja nokkrar þeirra með hér að aftan. Mynd á forsíðu er úr sama flugi og þar hafa útlínur rústa og garðlaga verið teiknaðar inn. Myndirnar tók Birna Lárusdóttir.





